

Lagt fram á fundi fræðsluráðs 11. mars 2020

6. fundur stýrihóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn þriðjudaginn 21. janúar í fundarsalnum Krosseyri, 4. hæð við Linnetsstíg 3.

Mætt eru: Kristín Thoroddsen, Sigrún Sverrisdóttir, Karólína Helga Símonardóttir, Sigurður Þ. Ragnarsson, Geir Bjarnason, Fanney Dórothe Halldórsdóttir, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir og Hrund Apríl Guðmundsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnbjörn Ólafsson, Margét Vala Marteinsdóttir, Vigfús Hallgrímsson

Dagskrá fundar

Mál: Menntaleiðtogafundur 14. febrúar

Kristín leggur fram tillögu um að fá faglegan aðila í stefnumótun til að leiða næsta fund menntaleiðtoga, tillagan er samþykkt. Óskað eftir tillögum frá stýrihópnum að aðila til að leita til með það hlutverk. Fræðslustjóra falið að ráða þann aðila sem ákveðið verður að ráða til verkefnisins. Umræða um að heimsmarkmiðin verði tekin inn í mótun við menntastefnuna. Fundurinn er áætlaður þriggja tíma vinnufundur þar sem unnið verður að því að skilgreina hlutverk yfirflokka menntastefnu Hafnarfjarðar.

Mál: Yfirflokka menntastefnunnar

Umræða um yfirflokka við gerð menntastefnu, hvað þeir flokka eigi að ná yfir og hvernig hægt er að vinna með yfirflokka þannig að þeir nái yfir þá þætti sem lagt var upp með að menntastefnunni var ætlað að móta. Lagt upp með að stýrihópurinn verði búinn að móta yfirflokka til að vinna áfram með. Stýrihópurinn setur inn orð fyrir yfirflokka á Googlskjal.

Umræða um hvernig best er að undirbúa menntaleiðtoga fyrir fundinn 14. febrúar. Hugmyndir að vinna með orðabanka fyrir þann fund sem lagt verði upp með í frekari vinnu á þeim degi. Sendur verður út póstur til menntaleiðtoga og kallað eftir tillögu að allt að fimm orðum fyrir 10. janúar sem verða flokkuð og þemuð á undirbúningsfundi stýrihóps fyrir fund með menntaleiðtogum. Lagt er til að ráðgjafi sem ráðinn verður til að leiða fund með menntaleiðtogum verði með á þeim undirbúningsfundi.

Mál: Fundartími

Næsti fundur stýrihóps sem verður boðaður þann 12. febrúar kl 16. Sá fundur mun verða helgaður undirbúningi fyrir fund með menntaleiðtogum þann 14. febrúar.